

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. apríl 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-16/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. febrúar sl. X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnd gagnaðili. Snýr ágreiningur aðila að útgáfu síðarneftnda aðilans á reikningum til einkahlutafélags í eigu álitsbeiðanda. Munu umræddir reikningar vera aðgengilegir álitsbeiðanda á innri vef gagnaðila, en álitsbeiðandi telur gagnaðila hins vegar skylt að afhenda sér reikningana með öðrum hætti. Gerir álitsbeiðandi kröfu um að fá að vita hvort framferði gagnaðila sé löglegt.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um útgáfu reikninga, nánar tiltekið rafrænna reikninga, sbr. reglugerð nr. 505/2013 um rafræna reikninga, rafrænt bókhald, skeytamiðlun, skeytaþjónustu, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna reikninga- og bókhaldskerfa. getraunir, en reglugerðin er sett með heimild í 42. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér. Rétt er að benda á í þessu samhengi að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer með framkvæmd laga nr. 145/1994 um bókhald. Þá er einnig rétt að taka fram að skv. 1. gr. laga nr. 119/2012 um Y, stjórnsýslustofnun samgöngumála, heyrir Y undir yfirstjórn innanríkisráðherra. Sæta þannig ákvarðanir Y kæru til innanríkisráðherra.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir